



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á reglum um styrkveitingar til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs, sem haldinn var 13. september 2017, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. september 2017, um breytingu á úthlutun þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs. Jafnframt lagðar fram reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, með tillögum að breytingum. Enn fremur lögð fram umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 11. september 2017, um breytingar á reglum um þróunarstyrki skóla- og frístundaráðs og reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samþykktar í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010.

Breytingin var samþykkt og vísað til borgarráðs að breyta reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á þá leið að umsóknarfrestur verði til 1. febrúar ár hvert og að styrkir skuli afgreiddir fyrir lok apríl ár hvert.

Breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 5. sept. 2017, um breytingu á úthlutun þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs
Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, með tillögum að breytingum.

Umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 11. september 2017, um breytingar á reglum um þróunarstyrki skóla- og frístundaráðs

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki



Reykjavík, 5. september 2017

SFS2017080170

124. fundur

HG/adg /gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Breyting á úthlutun þróunarstyrkja skóla- og frístundasviðs

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fer þess á leit að umsóknarfrestur og úthlutun þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs verði færð frá því sem nú er.

Styrkir skóla- og frístundaráðs til þróunarverkefna eru nú auglýstir með almennum styrkjum borgarinnar með umsóknarfrest til og með 1. október ár hvert og úthlutað í lok janúar árið eftir. Styrkir til þróunarverkefna eru einungis auglýstir á innri vef borgarinnar og með tölvupósti til starfsfólks sviðsins.

Flest þróunarverkefni sem hljóta styrki skóla- og frístundaráðs fylgja starfsári leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og byrja þ.a.l. að hausti og mörgum hverjum lýkur ekki fyrr en að vori árið eftir. Margir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi hafa kvartað undan því að í september sé starfsárið rétt nýhafið, á þeim tímapunkti séu stjórnendur og starfsfólk upptekið af því að koma starfinu í gang og hugmyndir að þróunarverkefnum fyrir næsta starfsár því ekki farnar að koma fram. Starfsmannavelta í leikskólum og frístundastarfi hefur einnig haft það í för með sér að verkefni sem hlýtur styrk í byrjun árs geta fallið um sjálft sig ef starfsmaður hættir störfum í lok starfsárs.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir því að umsóknarfrestur vegna þróunarstyrkja verði til og með 1. febrúar ár hvert. Þá er hægt að ljúka úthlutun í síðasta lagi í lok apríl ár hvert og verkefni geta farið af stað að hausti.

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs munu eftir sem áður fylgja styrkjum annarra sviða borgarinnar með umsóknarfrest til 1. október ár hvert nema annað verði ákveðið fyrir önnur svið borgarinnar.

ÞRÓUNARSTYRKIR

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Verkefnin geta annars vegar verið samstarfsverkefni milli skólastiga, milli skóla, eða milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Hins vegar geta verkefnin verið sértæk verkefni fyrir grunnskólastarf, leikskólastarf og frístundastarf. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla að nýbreytni, fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun sviðsins ár hvert.
2. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppþæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til fleiri ára.
4. Umsóknir skulu hafa borist fyrir ~~auglýstan-umsóknarfrest-1. febrúar~~ ár hvert og skal umsóknum skilað til aðalskrifstofu skóla- og frístundasviðs á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjöllum sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok ~~janúar~~ apríl ár hvert.
5. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Styrkir eru veittir í eitt skipti í senn. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
6. Einstaka starfsstaðir skóla- og frístundasviðs auk sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listarskóla geta sótt um styrki til þróunarverkefna. Aðrir geta sótt um styrk með samþykki stjórnenda og/eða rekstraraðila. Sækja má um styrk til nýrra verkefna eða verkefna sem þegar eru hafin.
7. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á.
8. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætluð verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið. Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.

9. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og/eða yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað
10. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að a) 60% af styrkupp hæð greiðist við undirritun samnings; b) 40% styrkupp hæðarinnar greiðist þegar greinargerð um ráðstöfun styrkfjár hefur verið skilað.
11. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað.
12. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.

11. sept 2017
GHG/BBS

Umsögn

Efni: Breyting á reglum um þróunarstyrki SFS til stofnana sviðsins
Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið
Sendandi: Fjármálastjóri

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn fjármálaskrifstofu um tillögu um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Breytingin er afmörkuð og varðar aðeins að færa umsóknarfrest og úthlutun þróunarstyrkja sviðsins frá því sem nú er gert.

Umsögn

Reglur borgarráðs um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga (styrkjahandbók) varða styrki eða samninga við þriðja aðila en ekki fjárveitingar til stofnana eða verkefna Reykjavíkurborgar. Það sem nefnt er í þessum reglum *þróunarstyrkir* eru í raun fjárframlög eða fjárheimildir úr borgarsjóði til til að fjármagna afmörkuð þróunarverkefni í stofnunum SFS.

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir SFS er veitt ákveðnu fjármagni á miðlægan kostnaðarstað SFS til fjármagna beiðnir stofnana um slík framlög. Síðan er fjármagninu ráðstafað út á kostnaðarstaðina eftir reglum sem SFS setur. Þegar verkefnisbeiðni er samþykkt er eðlilegast að auka fjárheimild stofnunar til samræmis á þeim kostnaðarstað þar sem verkefni er framkvæmt (þ.e. í stað þess að gera tekjufærslu á viðkomandi kostnaðarstað). Í raun ætti það sama að eiga við hér og gildir um færslur úr öðrum miðlægum pottum sviðsins. Þessar tilfærslur þurfa að vera í áætlanagerfinu. Þ.e. lækkun fjárheimildar hjá miðlæga kostnaðarstaðnum og samsvarandi hækkun fjárheimildar á kostnaðarstaðnum þar sem verkefni er kostnaðarfært. Eðlilegt er að horfa til skiptingarinnar 60%, 40% í úthlutunarreglunum. Skoða þarf lotun tekna og gjalda þegar fært er frá miðlægum kostnaðarstað til kostnaðarstaðarins þar sem verkefni er kostnaðarfært, en þar sem hér er yfirleitt um að ræða lágar fjárhæðir ætti að nægja að ráðstafa fjármagni í framangreindum hlutföllum. Færsla útlagðs kostnaðar skal bókast í fjárhagsbókhaldi á hefðbundin hátt á viðeigandi kostnaðarstað og með verkefnisnúmeri. Hvort styrkveiting er ákveðin í ársbyrjun eða að hausti ætti ekki að skipta máli út frá bókhaldslegu sjónarmiði. Þá verður líka að hafa í huga að fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun gilda aðeins innan fjárhagsársins og færast ekki sjálfvirk á milli ára. Sérstakar reglur gilda um færslu afgangs og halla á milli ár, sbr. ákvæði reglna um gerð fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Fjármálaskrifstofa gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við fyrirliggjandi reglur og tillögu um áformaðar breytingar á tímasetningum.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6. gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og

vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi.
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs.

Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykkttra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði 11. nóvember 1997.

Ákvæði til bráðabirgða

Auglýsing um styrki Reykjavíkurborgar á fjárhagsárinu 2005 skal birt hið fyrsta..

Greinargerð

Tillögur starfshópsins hafa að markmiði að koma á samræmdu vinnulagi/reglum í úthlutun styrkja Reykjavíkurborgar og tryggja eftir föngum aðgang og jafnræði við ráðstöfun skattfjár borgarbúa. Jafnframt eru tillögurnar til þess fallnar að auka festu í vinnubrögðum við úthlutun styrkja.

Nýmæli í *Reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 7. september 2004*, felast einkum í eftirfarandi:

- Umfjöllun og afgreiðsla styrkja og saminga verður í vaxandi mæli á vettvangi fagnefnda
- Aukin áhersla verður á samstarfssaminga/styrksamninga sem falla að markmiðum og forgangsörðun Reykjavíkurborgar og einstakra málaflokka. Gert er ráð fyrir að slíkir samningar feli í sér ítarlegri ákvæði um mat á árangri, eftirlit og önnur atriði sem leiða af skyldum þeirra sem ráðstafa opinberu fé.
- Almennt verði ekki veittir styrkir til kaupa á húsnæði heldur verði leitast við að styrkja og efna til samstarfs um starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Starfshópurinn telur jafnframt eðlilegt að ekki sé gerður greinarmun á styrkjum eftir því hvort þeir eru til almenns reksturs eða reksturs fasteigna. Fyrirnefndu styrkirnir eru nú afgreiddir af fagnefndum en hinir síðarnefndu af borgarráði.

Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir því að styrkumsóknir berist skrifstofu borgarstjórnar sem beri miðlæga ábyrgð á móttöku styrkbeiðna og vísun þeirra til afgreiðslu fagnefnda eftir því sem ábyrgð þeirra stendur til. Skrifstofa borgarstjórnar standi vörð um samræmd vinnubrögð og hafi heildareftirlit með meðferð og afgreiðslu styrkveitinga Reykjavíkurborgar. Hlutverk og ábyrgð málaflokka er jafnframt skilgreind í reglunum auk þess sem sérstök tillaga er gerð um að borgarráð feli fagnefndum að gera samþykktir um eigin styrkveitingar til fyllingar almennum reglum Reykjavíkurborgar.

Þróun styrkveitinga

Fjármagn til styrkveitinga hefur haldist lítið breytt undanfarin ár. Fjárhagsrammi menningarmálanefndar var hækkaður árið 2001 vegna leiklistarstyrkja og eins hafa orðið tilfærslur innan ramma einstakra nefnda. Hjá félagsmálaráði, menningarmálanefnd og ÍTR er greinileg aukning á húsnæðisstyrkjum sem rekja má til innri leigu sem er tilkomin vegna breyttra reikningsskilareglna sveitarfélaga. Starfshópurinn telur ekki tilefni til að gera greinarmun á styrkjum eftir því hvort þeir fari til almenns rekstrar eða rekstrar fasteigna. Fyrirnefndu styrkirnir eru nú afgreiddir af fagnefndum en hinir síðarnefndu í borgarráði. Því er lagt til í *Reglum Reykjavíkurborgar um styrki* að styrkumfjöllun og styrkveitingar sem verið hafa hjá borgarráði og lúta að rekstri fasteigna flytjist til hlutaðeigandi fagnefnda ásamt tilheyrandi fjármagni.

Heildarstyrkveitingar á árinu 2003 námu 2.838 mkr. og er þá miðað við styrki, samstarfssamninga, rekstrarframlög og þjónustusamninga. Stærsti einstaki styrkjaliðurinn, 516 mkr. var til húsnæðis- og æfingastyrkja íþróttafélaganna samkvæmt reglum sem íþróttafélögin hafa komið sér saman um á vettvangi Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR). Að auki eru veittar 80 mkr. í styrki til byggingar íþróttamannvirkja og 27 mkr. runnu til reksturs ÍBR. Um 26 mkr. að

auki var varið til ýmiss konar íþrótt- og tómstundastarfsemi. Alls var því varið um 767 mkr. til margvíslegs starfs sem tengdist íþróttafélögum borgarinnar á árinu 2003.

Á árinu 2003 var 600 mkr. varið til styrkja á sviði menningarmála. Ríflega helmingur þess fjár liggur í stuðningi við stofnanir og launagreiðslum til atvinnulistamanna. Tæpur helmingur eða 232 mkr. er samningsbundið framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur sem er stærsti einstaki styrkþegi Reykjavíkurborgar. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árinu 2003 nam 80 mkr. Alls námu húsnæðisstyrkir vegna menningarmála 186 mkr., að stærstum hluta vegna Borgarleikhúss. Því styrkjafé sem menningarmálanefnd ráðstafar að öðru leyti er að mestu varið til stuðnings við listamenn, fyrirtæki þeirra og félög gegnum starfssamninga til þriggja ára.

Styrkir leikskólaráðs og fræðsluráðs eru að verulegu leyti til ýmissa rannsókna og þróunarverkefna í málaflokkunum. Almennir styrkir fræðsluráðs eru um 25 mkr., auk þróunarsjóðs grunnskóla sem nemur 8 millj. kr., alls 33 mkr. Þess má geta að framlög til tónlistarskóla voru 557 mkr. og einkarekinna grunnskóla um 104 mkr. Byggingarstyrkir til einkarekinna grunnskóla bætast við þessar upphæðir, auk þess sem Ísaksskóli fékk á árinu 2003 55 mkr. styrk vegna til að takast á við uppsafnaðan rekstrarvanda. Leikskólaráð veitti 2 mkr. til almennra styrkja og sömu upphæð til þróunarverkefna. Auk þess voru framlög til einkarekinna leikskóla og niðurgreiðslur dagvistunar á einkaheimilum rúmar 421 mkr.

Styrkir félagsmála renna öðru fremur til reksturs og þjónustu af ýmsum toga. Á árinu 2003 voru styrkir til félagsmála rúmar 67 mkr. Félagsmálaráð ákveður styrki á sínu sviði og eru þeir háðir því að styrkþegar veiti þjónustu sem flokkast undir skylduverkefni Félagsþjónustunnar skv. lögum og því faglega mati að þjónustan sé í betur komin hjá styrkþega en hjá borginni sjálfri. Um slíka styrki eru gerðir skriflegir samningar. Þjónustusamningar eru stærsti hluti styrkja Félagsþjónustunnar/félagsmálaráðs eða 37 mkr. Þá voru húsnæðisstyrkir vegna félagsmála um 30 mkr.

Starfshópurinn telur mikilvægt að fagnefndir marki sér skýra stefnu um markmið sín með styrkveitingum og taki afstöðu til þess hvert hlutfall þjónustusamninga, starfssamninga, starfslauna eða einstakra almennra styrkja eigi að vera af heildarfjármunum hvers nefndar til styrkja. Mikilvægt er að slík stefnumörkun verði gerð umsækjendum aðgengileg.

Auglýsingar og umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur á undanförunum árum hefur verið frá miðjum október til 20. nóvember. Hér er lagt til að úthlutun styrkja fari fram einu sinni á ári, styrkir séu auglýstir fyrr á haustin eða eigi síðar en 1. september og úthlutun sé lokið fyrir áramót. Vegur hér þungt að koma þarf til móts við aðila sem reiða sig á fjárframlög til verkefna sem skipuleggja þarf með góðum fyrirvara.

Nefndin telur að auglýsa eigi eftir styrkumsóknum með einni auglýsingu og á svipuðum nótum og verið hefur. Þá telur hópurinn til bóta sé að tekið sé á móti umsóknum á einum stað þannig að umsækjendum sé ekki ætlað að þekkja verkaskiptingu nefnda og ráða borgarinnar.

Samþykkt í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010.